



VÍSBENDING

VIÐSKIPTI · EFNAHAGSMÁL · NÝSKÖPUN



MYND: GOLLI

SAMFÉLAG 39. TBL. 2025

Ekki séns að þetta sé hægt – án staðla



Helga Sigrún Harðardóttir
lögfræðingur og framkvæmdastjóri
Staðlaráðs


Öryggi almennings, neytanda- og umhverfisvernd er hluti af því sem við göngum að vísu í Evrópu. Evrópusambandið (ESB) setur fram löggjöf með þeim hætti að í henni eru gerðar kröfur um að mannvirki, tæki og umhverfi sé ekki skaðlegt og það er beinlínis bannað að markaðssetja hættulegar vörur. Þessar kröfur eru útfærðar með samhæfðum stöðlum og innan í gangverki sem tryggir samræmismat við staðlana. ESB óskar þess að evrópskir sérfræðingar skrifi staðla til að útfæra löggjöfina, tekur þátt í mótun útfærslna, vísar til staðlanna í regluverkinu og auglýsir endanlega í Stjórnartíðindum ESB. Sérfræðingarnir svara með því spurningunni „Hvernig er best að gera þetta?“ Og „þetta“ getur verið allt frá öryggi leikfanga, yfir í gæði og virkni byggingarvara, öryggi og virkni hjartagangráða, flokkunar á orkunýtingu raftækja, yfir í þölnönnun mannvirkja og þannig mætti lengi telja.

Tæplega fjögur þúsund samhæfir staðlar eru núna hluti af regluverkinu og Evrópu-dómstóllinn hefur gert ESB skylt að veita öllum aðgang að þeim stöðlum. Skyldu sem staðlasamtökin í Evrópu hafa tekið að sér að uppfylla. Sömu staðlar eru jafnframt notaðir til að framfylgja opinberri markaðsgæslu, sem er skipulögð viðleitni stjórnvalda til að tryggja að vörur uppfylli reglur um öryggi, heilsu og umhverfisvernd.

Notkun staðla er þannig viðleitni ESB til að tryggja öryggi, heilsuvernd, neytanda- og umhverfisvernd og að auðvelda hlítinu við löggjöfina. En af hverju þessi verkfæri og ekki önnur?

Sala, markaðssetning og markaðsaðgangur

(í prósentum). N=323



Heimild: The influence of Standards on the Nordic Economies, Menon publication no 31/2018

Bestu lausnirnar

Sérfræðingar um allan heim taka sæti í tækninefndum staðlasamtaka og leggja til alla sína bestu þekkingu, nýjustu rannsóknir og upplýsingar til að gefa svör við þekktum áskorunum eða vandamálum. Þessa vinnu greiða vinnuveitendur þeirra fyrir sem er m.a. til marks um samfélagsábyrgð fyrirtækja sem taka þátt í fjölþjóðlegu samstarfi um staðla. Staðlar eru þannig notaðir sem verkfæri til að tryggja ásættanlega niðurstöðu um lausnir. Að vörur á markaði séu öruggar, að rekjanleiki matvæla sé fyrir hendi, að prófanir lækningatækja tryggja öryggi þeirra, að leikföng barna séu ekki hættuleg o.s.frv. Benda rannsóknir til þess að framleiðni aukningu íslenskra fyrirtækja, vegna staðlanotkunar, sé a.m.k. 1,5 milljarða króna virði árlega. Þessi nýting staðla stýttir þróunartíma nýrra vara, eykur aðgengi þeirra að mörkuðum, bætir samkeppnishæfni fyrirtækja og stuðlar að gæðum og auknu trausti viðskiptavina.

Viltu hringja í vin?

Staðlanotkun kemur sér vel fyrir lítil fyrirtæki sem hafa ekki aðgang að ótakmarkaðri sérfræðipækkingu sem þarf til að uppfylla kröfur löggjafar og/eða ná nauðsynlegum árangri. Lítil ferðaþjónustufyrirtæki sem bjóða upp á ævintýraferðir hafa þannig til dæmis aðgang að verkfærum sem auðvelda þeim að áhættugreina ishella-, jökla- og fjallaferðir og skipuleggja þær og undirbúa þannig að öryggi viðskiptavinnanna sé í fyrirrúmi. Önnur fyrirtæki hafa aðgang að stjórnunarkerfum sem auðvelda þeim að koma sér upp ferlum og skipulagi sem eykur framleiðni og framleiðslu, dregur úr mistökum og lágmarkar áhættu. Þegar staðlar eru notaðir geta stjórnendur verið vissir um að njóta leiðsagnar bestu sérfræðinga á sviðinu, sem hafa sammælt um að þar sé um að ræða allra bestu leiðina til að gera hlutina. Staðlar geta því jafngilt því að „hringja í góðan vin“!

Góður dill fyrir ríkið

Það getur verið flókið að skrifa löggjöf, sérstaklega fyrir tæknilega flókna geira eða nýjar greinar sem enn eru í þróun. Til að eitthvert vit verði í reglusetningu þarf sérfræðinga til að útfæra kröfurnar. Í fámennum löndum eru sérfræðingarnir ekki endilega á hverju strái og mannauður af skornum skammti líka. Þá er handhægt að geta gripið til verkfæra sem bestu sérfræðingar á sviðinu hafa samið og eru alþjóðlega viðurkennd. Dæmi um það má finna í íslenskum lögum um fiskeldi. Þar segir að sjókvíar skuli reisa og reka eftir „ströngustu stöðlum“. Þá þarf sá sem skrifar reglugerðina sem byggir á heimild laganna ekki endilega að vita nákvæmlega hvernig kvíarnar skuli hannaðar, hvaða efni á að nota og hvernig best er að reka sjókvíaelði. Hann þarf bara að leita uppi ströngustu fjölþjóðlegu viðurkenndu staðlana og vísa til þeirra. Annað dæmi er þróun gervigreindar.

Framhald á næstu síðu ►

Evrópusambandið hefur þegar sett löggjöf sem á að tryggja öryggi almennings við notkun á gervigreind. Löggjöfinni er svo fylgt eftir með tugum samhæfðra staðla sem segja til um hvernig það er gert. Samhæfðir staðlar skipta þúsundum og í notkun þeirra felst ætlað samræmi við kröfur settra laga. Vara eða þjónusta sem er hönnuð, framleidd og prófuð skv. samhæfðum stöðlum telst uppfylla kröfur löggjafarinnar sem vísar til staðlanna og vöruna má eftir atvikum CE merkja og markaðssetja sem örugga. Í því felst mikil einföldun fyrir framleiðendur, eftirlitsaðila og almenning sem getur af sér hagræði og sparnað. Í því felst einnig aukin skilvirkni fyrir löggjafann því sérfræðingarnir skrifa tæknilega flóknasta hlutann. Á sinn kostnað!

Verndararnir

Við veltum því jafnvel ekki einu sinni fyrir okkur hvort vörur sem keyptar eru á Íslandi séu öruggar. Við göngum út frá því sem gefnu. Í því felst mikið traust. Vörur í næstum 40 vöruflokkum þarfnast CE merkingar skv. löggjöf frá Evrópu sem hefur verið innleidd á Íslandi. Neytendur eiga að geta treyst því að CE merktar vörur séu öruggar og uppfylli kröfur um öryggi, heilsu- og umhverfisvernd. Í Evrópu er virkt eftirlit með þessum sömu vörum af hálfu opinberra eftirlitsaðila og það eftirlit grundvallast á sömu stöðlum. Fjöldi staðla er einnig notaður til að tryggja virkni alls kyns kerfa, s.s. fjarskiptakerfa og samvirkni ólíkra tækja. Staðlarnir stuðla að hagkvæmni sem leiðir til lægra vöruverðs, lægri flutningskostnaðar og þeir auðvelda ríkjum, fyrirtækjum og fólki að ná meiri og betri árangri á sviði umhverfisverndar.

Galopnir markaðir

Það er engin tilviljun að alþjóðlegar stofnanir eins og WTO, OECD, Sp og Worldbank auk ESB leggja allar mikla áherslu á staðlanotkun – því hún brýtur niður viðskiptahindranir, tryggir aðgengi að mörkuðum og skapar traust neytenda á öryggi og gæðum vara og þjónustu. Það er mikils virði fyrir lítil íslensk fyrirtæki að geta reitt sig á staðla til að tryggja að eigin framleiðsla uppfylli kröfur löggjafar og markaða. Staðlar eru þannig hjólin í gangverki markaðsviðskiptanna. Það er búið að finna þau hjól upp fyrir okkur og engin þörf á að gera það hételendis aftur. Rannsókn sem Ísland tók þátt í leiddi í ljós að virði staðlanotkunar vegna útflutnings íslenskra fyrirtækja er metin á tæplega fjóra milljarða á hverju ári.

Nýsköpun blómstrar með stöðlum

Nú kunna einhverjir að staldra við og spyrja: Eru staðlar ekki notaðir til að móta allt í sama farið? Þvert á móti. Þar sem þeir eru endurskoðaðir reglulega, innihalda þeir alltaf nýjustu þekkingu, færni og reynslu. Þannig verða þeir farvegur fyrir nýja þekkingu, nýja tækni og nýsköpun. Fjöldi rannsókna leiðir í ljós hvernig staðlar ýta undir framþróun og eru bráðnaðsýnlegur hluti af farsælli nýsköpun. Eins og glögg má sjá þá eru staðlar verkfæri sem stjórnvöld nota til að segja til um útfærslur tæknilega flókinna krafna, til að brjóta niður viðskiptahindranir, tryggja öryggi fólks og neytendavernd auk þess að ná meiri árangri í umhverfismálum. Staðlar eru einnig frábær verkfæri sem fyrirtæki af öllum stærðum og gerðum geta nýtt sér til að ná meiri og betri árangri samhliða því að uppfylla bæði kröfur laga og reglugerða. Þegar við blasa ný verkefni ætti fyrsta spurning alltaf að vera: „Ætli til sé staðall sem hjálpar mér að leysa þessa þraut?“ hvort sem fólk er að koma sér upp gervigreindarlausnum, tryggja inngildingu og fjölbreytni, koma í veg fyrir spillingu, tryggja öryggi fólks, markaðssetja matvæli eða að innleiða Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Ekkert okkar vildi vera án staðla í daglega lífinu því einfaldleiki, öryggi og hagkvæmni daglegs lífs hangir á þeim. ☺

Greinin birtist fyrst í Vísbandingu 21. nóvember 2025 · 39. töl. 43. árg.

▲ Bjarni Benediktsson, þá forsætisráðherra, tekur við viðurkenningu frá Christine Brown, yfirmanni Evrópuskrifstofu Alþjóðheilbrigðismálastofnunarinnar, á Velsældarþingi í Hörpu í fyrra fyrir vinnu íslenskra stjórnvalda að innleiðingu velsældar-áherslna hér á landi.



MYND: PÉTUR FJELSTED

LOFTSLAGSMÁL 5. TBL. 2025

Hvernig ná má heimsmarkmiðum:

Velsældarhagkerfi gegn ójöfnuði og loftslagsvá

Brynhildur Davíðsdóttir
prófessor í umhverfis- og auðlindafræði við Háskóla Íslands

Krístín Vala Ragnarsdóttir
prófessor emerita

Velsældarhagkerfi (e. *wellbeing economy*) er hagkerfi sem styður við sjálfbæra þróun á á takmarkaðri jörd sem setur skorður við umsvif mannsins. Slík hagkerfi byggja á mikilvægi vishagkerfa þar sem jafnvægi ríkir á milli þróunar hagkerfa og heilbrigði vistar. Hagkerfið blómstrar og tryggir velsæld án þess að ganga á umhverfi- og auðlindir. Að auki er lögð áhersla á að efnisleg neysla sé ekki einungis fullnægandi til að tryggja velsæld, hamingju, tilgang og þroska heldur eru aðrir óefnislegir þættir mikilvægir að auki. Frumkvöðlar þessara hugmyndafræði voru m.a. Fritz Schumacher, þýskur hagfræðingur sem starfaði í Bretlandi, og Herman Daly, bandarískur hagfræðingur sem starfaði meðal annars í heimsbankanum (e. *World Bank*).

Mikilvægi velsældarhugsunar var kjarnað af stórum fjölda fræðimanna sem voru kallaðir saman af ríkistjórn Bhutan árið 2012, en þáverandi konungur og forsætisráðherra voru beðnir um að koma með hamingjuvísa Bhutan (e. *Bhutan's Gross National Happiness* (GNH) goals), inn í stefnumótun um þróunarstefnu Sameinuðu þjóðanna 2015-2030, sem síðar voru nefnd Heimsmarkmiðin (e. *United Nations Sustainable Development Goals* (SDGs)).

Markmið velsældarhagkerfa voru sett fram af Costanza o. fl. (2018) sem: 1. að halda sig innan þolmarka jarðarinnar; 2. að mæta öllum grunnþörfum borgara; 3. að skapa og viðhalda sanngjarnri dreifingu auðlinda, tekna og auðs; 4. að tryggja skilvirka ráðstöfun auðlinda til að stuðla að velsæld fyrir alla (e. *inclusive growth*); og 5. að skapa stjórnskipulag sem er sanngjarnt, móttækilegt, réttlátt og ábyrgt.

Tillögur að stefnumótun fyrir ríkisstjórnir sem vilja vinna að velsældaráherslum hafa verið settar fram af samtökum um velsældarhagkerfi (e. *Wellbeing Economy Alliance* - WEAll). Sex ríkisstjórnir í samstarfi við bandalag velsældarhagkerfa (WEGO - e. *Wellbeing Economy Governments coalition*), sem samanstendur af Skotlandi, Nýja-Sjálandi, Íslandi, Wales, Finnlandi og Kanada, hafa tekið mikilvæg skref í átt að því að samþætta velsæld og sjálfbæra þróun í efnahagsstefnum sínum. Þessi nálgun leggur áherslu á mannlega (e. *human*) og vistfræðilega (e. *ecological*) velsæld og þar sem árangur er metinn með fleiri mælikvörðum en vergri landsframleiðslu (e. *Gross Domestic Product* - GDP). Samstarf þessara sex ríkja er í samræmi við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna (SDGs), sérstaklega markmið 17, sem stuðlar að samstarfi um sjálfbæra þróun.

Bandalag velsældarhagkerfa (*Wellbeing Economy Governments*, WEGO) var stofnað af þremur kvenleiðtogum árið 2018 og í lok ársins 2024 voru þrjú lönd að auki komin í bandalagið (sjá *Vísbandingu* 2023 og 2024). Sýn þessara stjórnvaldaleiðtoga hefur verið að mæla árangur ríkja á víðari máta heldur

en að einblína á stærð hagkerfisins og hagnæmi sem aðalatriði. Velsældarstefnur hafa verið settar fram af ríkisstjórnunum sem spanna allt litróf stjórnmalanna – enda eru hugtökin *réttlæti* (fyrir hag allra nú og fyrir komandi kynslóðir), *jöfnuður* (til að útrýma fátækt), og *loftslagsvandi* (til að ná utan um hlýnun jarðar) víða efst á baugi hjá ólíkum stjórnmaláflum og stofnunum. Hér að meðan er reifað stuttlega hvaða áhrif stefnur um velsældarhagkerfi hafa haft á sex aðildarríki bandalags velsældarhagkerfa.

Skotland

Skotland hefur verið virkur þátttakandi í WEGO síðan 2018 og einbeitt sér að stefnumótun sem forgangsraðar sameiginlegri velsæld. Ársskýrsla skosku ríkisstjórnarinnar 2023-2024 varpar ljósi á frumkvæði sem miða að því að takast á við efnahagslegar, félagslegar og umhverfislegar áskoranir út frá velsældarstjórnarmíðum. Í samræmi við niðurstöður Cook o.fl. (2023) hafa skoskir stjórnmalamenn lagt áherslu á að þróa *aðferðafræði* sem gerir stjórnvöldum kleift að tengja ákvarðanatöku við raunverulegan árangur varðandi heilsu, jöfnuð og lífsgæði. Lögð hefur verið áhersla á að velsældarmælingar verði samþættaðar í grunnstefnumótun til að tryggja langtíma sjálfbærni og heildræna nálgun í stjórnsýslu.

Nýja Sjáland

Nýja Sjáland hefur verið leiðandi í að innleiða ramma fyrir velsældarfrálg og beina ríkisútgjöldum að því að bæta lífsgæði borgaranna. Þessi nálgun hefur haft áhrif



á önnur lönd, þar á meðal Ástralíu, sem hefur íhugað að taka upp svipaðar aðferðir. Nýja Sjáland er mikilvægt dæmi um hvernig hægt er að samræma fjárveitingar við mælanleg markmið um félagslegan og umhverfislegan árangur (Cook o.fl. 2023). Nýja Sjáland setti fram fyrstu velsældarfjálög allra landa árið 2019. Fjálög landsins byggjast á velsældarvísun sem ná meðal annars yfir heilsu, geðheilsu, minnkun fátæktar og áhrif á loftslag.

Ísland

Hagstofa Íslands mælir nú 40 velsældarvísa sem eru félagslegir, efnahagslegir og umhverfislegir. Skuldbinding Íslands við velsældarhagkerfi endurspeglar í virkri þátttöku í WEGo og innleiðingu stefnu sem leggur áherslu á mannlega og vistfræðilega velsæld. Ísland hefur verið í fararbroddi með að innleiða stefnur sem styðja við jafnrétti og félagslega velsæld, ásamt því að vernda náttúruauðlindir (Cook o.fl. 2023).

Wales

Wales setti fram lög um velsæld komandi kynslóða árið 2015 (Wellbeing of Future Generations Act), sem krefst þess að opinberar stofnanir taki mið af langtíma-áhrifum ákvarðana sinna á félagslega, efnahagslega, umhverfislega og menningarlega velsæld. Wales hefur einnig sett á fót embætti fyrir umboðsmann komandi kynslóða. Framganga Wales hefur verið viðurkennd sem dæmi um stefnumótun sem eflir velsæld í nútíma á sama tíma og velsæld komandi kynslóða.

Finnland

Finnland hefur tekið upp aðferðafræði velsældarhagkerfisins með samþættingu mælikvarða velsæðar í stefnumótun. Frumkvæðið "Finland 100" er mikilvægt í þessu samhengi en það hefur að markmiði að bæta lífsgæði og stuðla að hagvexti sem styður velsæld allra (e. *inclusive economic growth*). Finnsla ríkisstjórnin leggur mikla áherslu á menntun og umbætur í félagskerfinu með sérstakri áherslu á markmið 4 (gæði menntunar) og 10 (minnkun ójöfnuðar) innan heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna. Einnig hefur Finnland sett upp efnahagslegt stjórnkerfi fyrir velsæld.

Kanada

Kanada hefur lagt áherslu á að velsæld sé

mælikvarði á árangur og vinnur að velsæld m.a. með samþættingu við fjármálaáætlanir á alríkisstigi þar sem félagsleg, efnahagsleg og umhverfisleg velsæld er samofin opinberri stefnumótun. Landið hefur skuldbundið sig til að uppfylla heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna (SDGs) í gegnum 2030 áætlunina um sjálfbæra þróun, með sérstakri áherslu á að draga úr fátækt og vernda umhverfið. Á sama tíma hafa borgir ráðist í staðbundna útfærslu velsældarhagkerfisins þar sem borgir eins og Edmonton hafa þróað vísa fyrir velsæld sem nýttir eru í stefnumörkun.

Niðurstaða

Tuttugasta og fyrsta öldin markar tímabil manntíma (e. *anthropocene*) í Jarðsögunni og mikilvægt er að tryggja að umsvif mannsins raski ekki enn frekar og með óafturkræfum hætti viðkvæmum vistkerfum jarðarinnar.

Fræðimenn hafa bent á mikilvægi þess að þróa velsældarhagkerfi og að taka upp með formlegum hætti stefnur og mælikvarða sem styðja við velsæld í stað þess að halda áfram í blindri trú á hagvöxt og hagvaxtarmælikvarða. Til dæmis hafa Fioramonti o.fl. (2022) fjallað um hvernig rammi velsældarhagkerfisins getur nýst til að breyta þessarri hugsun og Costanza o.fl. (2014; 2018) hafa sýnt fram á mikilvægi þróunar nýrra efnahagslíkana til að styðja við innleiðingu heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna og að breyta þurfi frá vergri landsframleiðslu (GDP) yfir í heppilegri mælikvarða á velsæld.

Samstarfsríkin í WEGo hafa tekið eftirtektaerð skref í átt að þróun velsældarhagkerfisins og fræðileg umræða hefur veitt mikilvæga innsýn í framkvæmd og áhrif velsældarmiðaðra efnahagsstefna.

Hvatning til nýrra stjórnvalda

Áframhaldandi þróun velsældarhagkerfisins á Íslandi er mikilvæg til að tryggja velsæld núverandi og framtíðarkynslóða á Íslandi. Fyrri ríkisstjórn beitti þröngu sjónarhorni á hugmyndafræðina og náði ekki að samþætta samfélags, efnahags og umhverfislega þætti m.a. þegar velsældarmælikvarðar voru valdir. Mögulegt er að gera miklu betur og læra af öðrum þjóðum sem gengið hafa lengra, svo sem með samþættingu ríkisfjármála við velsældaráherslur. Velsældarhagkerfi eru auðgandi (e. *regenerative*) þar sem áhersla á velsæld mannsins og auðgun náttúrunnar getur byggt sanngjart samfélag. Í þannig samfélagi er ójöfnuði og fátækt útrýmt, umhverfisleg markmið eru samþætt – t.d. er loftslagsmarkmiðum náð án þess að ganga á líffræðilega fjölbreytni, og hagkerfið blómstrar.

Ný ríkisstjórn markar nýtt upphaf og aukinn metnað en mikilvægt er þó að halda áfram samvinnu við þær ríkisstjórnir sem nú þegar eru aðilar að WEGo.

Það er nú í höndum Krístrúnar Frostadóttur forsætisráðherra, Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur utanríkisráðherra og Ingu Sæland félags- og húsnæðismálaráðherra með dyggri aðstoð Daða Más Kristóferssonar fjármála- og efnahagsráðherra að taka næstu skref. Fyrirmyndar auðgandi velsældarhagkerfi á Íslandi gæti orðið arfleifð ykkar. Við Brynhildur og Kristín Vala óskum ykkur góðs gengis. ✎

Greinin birtist fyrst í Vísibendingu

7. febrúar 2025 · 5. tbl. 43. árg.

Heimildir

- David Cook, Takeshi Benjamin Kaji og Brynhildur Davíðsdóttir, 2023, An assessment of the scope and comprehensiveness of well-being economy indicator sets: The cases of Iceland, Scotland and New Zealand, *Ecological Economics*, Volume 205, 107728.
- Robert Costanza, Ida Kubiszewski, Enrico Giovannini, Hunter Lovins, Jacqueline McGlade, Kate E. Pickett, Kristín Vala Ragnarsdóttir, Debra Roberts, Roberto de Vogli og Richard Wisinsson, 2014. Time to leave GDP behind, *Nature*, Volume 505, 283–285.
- Robert Costanza, Beth Caniglia, Lorenzo Fioramonti, Ida Kubiszewski, Henry Lewis, L. Hunter Lovins, Jacqueline McGlade, Lars Fogh Mortensen, Dirk Philippsen, Kate E. Pickett, Kristín Vala Ragnarsdóttir, Debra Roberts, Paul Sutton, Katherine Trebeck, Stewart Wallis, James Ward, Michael Weatherhead, og Richard Wilkinson, 2018, Toward a Sustainable Wellbeing Economy, *Solutions Journal*, May 17.
- Lorenzo Fioramonti, Luca Coscieme, Robert Costanza, Ida Kubiszewski, Katherine Trebeck, Stewart Wallis, Debra Roberts, Lars F. Mortensen, Kate E. Pickett, Richard Wilkinson, Kristín Vala Ragnarsdóttir, Jacqueline McGlade, Hunter Lovins og Roberto De Vogli 2022, Wellbeing economy: An effective paradigm to mainstream post-growth policies?, *Ecological Economics*, Volume 192, 107261.

LOFTSLAGSMÁL 5. TBL. 2025

Hvers vegna hafa læknar áhyggjur af loftslagsbreytingum?



Hjalti Már Björnsson
yfirlæknir á bráðamóttöku Landspítala og dósent í bráðalækningum við HÍ



Ragna Benedikta Garðarsdóttir
prófessor í félagsálfæði við Sálfræðideild Háskóla Íslands

Losun gróðurhúsalofttegunda vegna brennslu jarðefnaeldsneytis hefur, þegar þetta er skrifað, þegar valdið hlýnun loftslags á jörðinni um 1,45°C frá því fyrir iönbyltingu. Enginn vafi leikur á því að þetta er af beinum mannavöldum, þótt sumir harðneiti enn að horfast í augu við þá staðreynd. Það vakti því furðu höfundar að í aðdraganda nýafstaðinna Alþingis kosninga hafi lítið sem ekkert farið fyrir umræðu um loftslags- og umhverfismál. Í staðinn einblíndu flokkarnir á efnahags-, innflytjenda- og heilbrigðismál. Okkur þykir því ástæða til að áréttar að öll eru þessi málefni innbyrðis tengd. Lýðheilsa, búsetuskilyrði og fjárhagsleg afköm fólks byggja beinlínis á umhverfinu. Loftslagsbreytingar eru stærsta heilsufarsógn sem mannkyn stendur frammi fyrir að mati Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar.

Árlega gefur hópur lækna og annarra heilbrigðisvísindamanna út svokallaða *Lancet Countdown* skýrslu þar sem rakin eru hnattræn heilsufarstengd áhrif loftslagsbreytinga. Nýjasta skýrslan er harðorð. Þar er fullrytt að tafir stjórnvalda á markvissum aðgerðum gegn loftslagsbreytingum hafi þegar leitt til óafturkræfs skaða á vistkerfum og valdið mannfólki beinu og óbeinu heilsutjóni. Með auknum öfgum í veðurfarri, uppskerubresti og drykkjarvatnsskortri hafi loftslagsbreytingar valdið ofhitnun, aukinni dreifingu hitabeltissjúkdóma, þurrkum, eldum, flóðum, missi búsetusvæðis, missi ræktarlands, fólksflóttu, hungursneyð, vatnsmengun, fátækt og átökum á svæðum sem voru viðkvæm fyrir. Loftslagsbreytingar ógna líffræðilegri fjölbreytni og þar með fæðuöryggi manna og annarra lífvera. Allt ógnar þetta efnahagslegri stöðu stórra sem smárra samfélaga. Á heimsvísu töpuðust 512 milljarðar vinnustunda árið 2023 vegna hitatengds álags sem er 49% aukning frá tíunda áratug síðustu aldar. Hitatengdum andlátum hefur fjölgað um 167% meðal 65 ára og eldri frá tíunda áratug síðustu aldar. Þurrkar og breytingar á regnmynstrum hafa valdið fæðuskorti hjá 151 milljón manna árið 2024. Þá er loftmengun sem rakin er til bruna jarðefnaeldsneytis talin valda yfir tíu milljónum árlegra ótímabærra dauðsfalla.

Hliðarávinningur loftslagsaðgerða

Þrátt fyrir viðvaranir vísindamanna áratugum saman, hefur losun gróðurhúsalofttegunda aukist og hitastig hækkar enn. Vistspor Íslendinga er gríðarhátt á alþjóðlegan mælikvarða og losun sem er á beina ábyrgð þjóðarinnar heldur áfram að hækka, þrátt fyrir umhverfisvæna orku- og hitagjafa. Þetta hefur verið kallað íslenska þversögnin sem er í því fólgin að vegna þess hve „grænir“ okkar orkugjafar eru, höfum við leyft okkur meiri losun á öðrum sviðum, aðallega tengdum neyslu og samgöngum. Loftslagsbreytingar hafa nú þegar afleiðingar hér á landi, sem lýst er í ítarlegri skýrslu vísindanefndar um loftslagsbreytingar. Landlega Íslands þýðir að hamfarahlýnun gæti valdið því að varmaflutningur inn á hafsvæðið við landið stöðvist, sem hefði augljóslega slæm áhrif á líffskilyrði í landinu. Loftslagsráð (2023) hefur gagnrýnt íslensk stjórnvöld harkalega fyrir aðgerðaleysi og ómarkvissa stefnu í loftslagsmálum. Ráðið fer fram á við stjórnvöld „... að sýna frumkvæði, stefnuvæðing, fyrirbyggju og fyrrsjáanleika í aðgerðum í loftslagsmálum sem skapa umgjörð og aðstæður fyrir sveitarfélög, atvinnulíf og almenning til að takast á við loftslagsvá.“

Þessi tregða bæði almennings og stjórnvalda hvarvetna til að takast á við vandamálið hefur verið talsvert rannsókuð af sálfræðingum. Meðal annars snúa rannsóknir að því hvernig hægt sé að breyta hegðun fólks og fá almenning og stjórnvöld til þess að samþykkja nauðsynlegar breytingar. Ein ástæða fyrir því hve treglega gengur er að mannsheilinn á erfitt með að tengja daglega hegðun við losun óáþreifanlegra og ósýnilegra lofttegunda, sem kunna að hafa afleiðingar sem eru fjarlægjar í tíma og rúmi. Þess vegna er ekki hvati til breytinga á hegðun. Fólk á aftur á móti auðveldara með að breyta hegðun sinni vegna einhvers áþreifanlegs, hvort sem heldur er tap eða ávinningur. Vegna þessa er fólk, þvert á stjórnmalaskoðanir, tilbúna til að takast sjálf á við loftslagsvandann og samþykkja loftslagsaðgerðir stjórnvalda, ef það telur að slíkt muni skila sér í hliðarávinningi (e. *co-benefit*), svo sem í mannvænna og vinalegra samfélagi og aukinni tækni- og efnahagsþróun. Þannig getur áhersla á hliðarávinning aðgerða auðveldað þeim sem eru íhaldssamari að samþykkja nauðsynlegar breytingar. Margvíslegur hliðarávinningur getur unnist af því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og

Framhald á næstu síðu ▶



öðrum umhverfisvanda. Augljós hliðarávinningur er bætt lýðheilsa.

Læknar hafa í gegnum söguna verið í fararbroddi þeirra sem berjast fyrir bættri lýðheilsu og í 5. grein síðareglna lækna er sérstaklega tiltekið að læknar skuli mæla fyrir lýðheilsu, verndun umhverfis, lofthjúps, vistkerfis jarðar og náttúru, í þágu lífsskilyrða lífríkis og heilbrigðis alls mannkyns. Þá er einnig líklegt að læknar yrðu fljótt vör við skaðleg áhrif umhverfis á heilsu.

Áhyggjur íslenskra lækna

Vitandi að hliðarávinningur loftslagsaðgerða er líklegri til þess að hvetja til aðgerða ákváðu höfundar því að kanna hvort íslenskir læknar hafi áhyggjur af ástandi umhverfismála.


Könnunin var gerð meðal íslenskra lækna og læknanema á Íslandi (N = 580, 32,6% svarhlutfall úr þýði, sjá nánar töflu á vef) og sýnir að læknar og læknanemar telja almenning hér á landi munu verða fyrir auknu heilsutjóni á næstu árum vegna umhverfisvandamála. Marktækur munur var þó á viðhorfum eftir kynslóðum. Læknanemar og yngri læknar voru líklegri en eldri sérfræðingar til að hafa miklar áhyggjur af umhverfisvandunum og kalla eftir aðgerðum stjórnvalda.

Fæðuöryggi. Meirihluti svarenda

í könnuninni voru mjög eða frekar sammála því að fækkun dýra- og plöntutegunda ógni fæðuöryggi (74,8%) og hafi slæm áhrif á heilsu almennings í framtíðinni (80,8%). Þá voru svarendur nánast á einu máli um að fækkun dýra- og plöntutegunda síðustu árhundrað væri af manna völdum (90,2% mjög eða frekar sammála). Sömuleiðis voru 88,7% svarenda mjög eða frekar sammála því að súrnun sjávar ógni fæðuöryggi almennings.

Umhverfismengun. Loftmengun á Íslandi er oft langt yfir heilsuverndarmörkum, einkum á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Óvissa er um hversu mörg ótímabærra dauðsfalla á ári megi rekja til loftmengunar hérlandis, en að öllum líkindum eru þau einhver, flest vegna heilablóðfalls eða bráðs kransæðasjúkdóms. Taldi 63,5% svarenda að loftmengun á Íslandi hafi skaðleg áhrif á heilsu sjúklinga sinna. Íslendingar framkalla einnig mikla loftmengun með flugeldanotkun um um áramót sem losar skaðlegt svifryk, sót og þungmálma. Í könnuninni voru 72,6% svarenda mjög eða frekar sammála því að flugeldamengun hafi skaðleg áhrif á heilsu sjúklinga og 76,7% sammála því að takmarka ætti aðgengi almennings að flugeldum. Í heiminum er efnamengun af ýmsum toga einnig gífurlegt vandamál,

Mynd 1 Hlutfallsleg skipting svara við spurningu um orsakir loftslagsbreytinga eftir stöðu svarenda.



svo sem vegna plasts, lyfjaleifa, skordýraeiturs, þungmálma og svifryks vegna iðnaðar og umferðar. Stór hluti svarenda (88%) var mjög eða frekar sammála því að almenningur muni verða fyrir auknu heilsutjóni vegna umhverfismengunar á næstu árum og að plastmengun muni hafa

slæm áhrif á heilsu almennings í framtíðinni (84,4%). (Sjá nánar mynd 2 og 3 á vef.)

Aðgerðir stjórnvalda. Reyndust þó aðeins 56,7% svarenda hafa kynnt sér aðgerðir stjórnvalda hér á landi til að stemma stígu við loftslagsbreytingum. Þeir voru beðnir um að leggja mat á við-



MYND: GOLLI

SAMFÉLAG 20. TBL. 2024

Bið barna eftir þjónustu er dýrkeypt



Salvör Nordal
umboðsmaður barna

Rannsóknir benda til þess að fátækt eða erfðar félagslegar aðstæður barna í æsku geti mótað stöðu þeirra til framtíðar. Þau börn sem búa t.d. ekki við hvatningu til menntunar og þroska á barnsaldri eru líklegri til að standa verr en aðrir félagslega í framtíðinni og með því móti er viðhaldið félagslegum ójöfnuði milli kynslóða. James J. Heckman Nóbelsverðlaunahafi í hagfræði hefur bent á þessar staðreyndir og lagt áherslu á mikilvægi þess að ráðist sé að rötum vandans með snemmtækri ihlutun sem jafni stöðu barna á fyrstu æviárum þeirra.¹ Slíkt sé hægt að gera með vönduðum verkefnum sem hafi þá markmið að styðja fjölskyldur sem búa við erfðar félagslega aðstæður og börn þeirra þannig að þau njóti jafngóðrar menntunar og önnur börn. Frá hagfræðilegu sjónarmiði eykur þetta velsæld í samfélaginu til lengri tíma.

Ástæða er til að staldra sérstaklega við menntun barna, því menntakerfið er mikilvægt jöfnunartæki, staður þar sem öll börn eiga að fá sömu tækifæri til að læra og þroskast óháð afnehaga eða félagslegri stöðu, og að einstaklingsbundnum þörfum þeirra sé mætt. Samkvæmt íslenskrri menntastefnu er skóli án aðgreiningar bundin í lög en þeirri stefnu er ætlað að koma til móts við vaxandi fjölbreytileika meðal nemenda og veita hverjum og einum góða og viðeigandi menntun. Stefnunni er einnig ætlað að stuðla að félagslegu réttlæti í skólum. Ójöfn tækifæri skapast ekki aðeins vegna ójafnrar félagslegrar stöðu heldur einnig vegna ýmissa annarra áskorana sem börn glíma við. Margt bendir til að skólakerfið hér á landi sé ekki í stakk búið til að veita einstaklingsbundna þjónustu og að fjöldi barna nái því ekki að fóta sig innan skólakerfisins. Slíkt getur haft mikil áhrif á bæði andlegt og líkamlegt atgervi þeirra og mótað líf þeirra til framtíðar.

Gögn um bið eftir þjónustu

Ein birtingarmynd þess vanda sem hópur íslenskra barna glímur við er bið þeirra eftir þjónustu hjá opinberum aðilum. Umboðsmaður barna hefur að undanfögnu staðið fyrir reglulegri upplýsingasöfnun um þann fjölda barna sem bíður eftir þjónustu hjá tilteknum aðilum með það að markmiði að varpa ljósi á stöðuna hverju sinni. Birtar eru tölur tvisvar á ári um bið barna eftir þjónustu hjá nokkrum opinberum aðilum en það var fyrst gert í febrúar 2022 og því voru tölur

um bið eftir þjónustu birtar í fimmta sinn í mars nú í ár.

Umboðsmaður barna² starfar samkvæmt lögum um umboðsmann barna nr. 83/1994 og hefur það hlutverk að standa vörð um hagsmunum, þarfir og réttindi barna. Liður í því er að afla og miðla gögnum og upplýsingum um aðstæður barna og stöðu tiltekinnna hópa barna hverju sinni í samvinnu við ýmsa aðila. Hluti af þeirri vinnu er að gera aðgengilegar á einum stað upplýsingar um þann fjölda barna sem bíður eftir tiltekinni þjónustu hverju sinni. Upplýsingarnar eru uppfærðar á sex mánaða fresti til að fylgjast með þróuninni.

Samstarfsaðilar verkefnisins eru Barna- og fjölskyldustofa, lögreglan á höfuðborgarsvæðinu, Geðheilsumiðstöð barna, Ráðgjafar- og greiningarstöð, Barna- og unglíngageðdeild LSH, Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu, Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins, Heilsuskóli Barnaspítalans og nú síðast bættist Heyrnar- og talmeina- stöð Íslands í hópinn. Áður en embætti umboðsmanns barna hóf reglulega birtingu þessara upplýsinga hafði embættið ítrekað gert athugasemdir við stjórnvöld vegna biðtíma barna. Þá hafði embættið margoft fengið ábendingar og ákall frá börnum um bætt aðgengi að heilbrigðisþjónustu, sérstaklega geðheilbrigðisþjónustu. Loks má geta þess að barnaréttarnefnd Sameinaðu þjóðanna hefur gert athugasemdir við langan biðtíma eftir þjónustu í skýrslum sínum til íslenskra stjórnvalda enda hefur vandinn verið viðvarandi í fjölmörg ár.

Jöfnuður og biðtími

Bið barna eftir þjónustu er til þess fallin að skapa ójöfnuð til framtíðar. Börn sem þurfa að bíða lengi eftir greiningu búa ekki við sömu tækifæri og önnur börn. Ekki aðeins er hætta á að vandi barnanna aukist á meðan á biðinni stendur heldur fara þau einnig á mis við einstaklingsmiðaða þjónustu sem ætti að fylgja í kjölfar greiningar á t.d. einhverfu, athyglisbresti eða heyrnarleysi. Með því að láta börn bíða eftir greiningu eða annarri þjónustu er þeim mismunað. Má í því sambandi benda á að 2. gr. Barnasáttmálans³ kveður á um skyldu ríkisins til þess að tryggja öllum börnum réttindi sín, án mismununar. Öll börn eiga að njóta réttinda Barnasáttmálans án tillits til atvika eins og fötlunar eða félagslegrar stöðu. Það er mikilvægt að stjórnvöld séu meðvitund um það að 2. gr. Barnasáttmálans getur krafist þess að gripið sé til sérstakra ráðstafana með það að markmiði að ákveðnir hópar barna fái notið réttinda sinna til jafns við önnur börn.

Framhald á næstu síðu ▶

leitni stjórnvalda til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda með því að gefa stjórnur á bilinu 1 til 6. Að meðaltali fengu stjórnvöld 2,74 (Sf = 0,88) stjórnur, en enginn gaf 6 stjórnur. Það getur ekki talist glæsileg einkunn. Meirihluti svarenda (70,5%) var mjög eða frekar sammála því að Ísland geri of lítið til að aðlagast loftslagsbreytingum. Niðurstöður bentu einnig til þess að lækna höfðu meiri áhyggjur af áhrifum loftslagsbreytinga heldur en almenningur, sem var spurður sömu spurninga í umhverfiskönnun Gallup.

Niðurlag

Markmið könnunarinnar var að afla gagna sem gætu ýtt við aðgerðum stjórnvalda í loftslags- og umhverfismálum. Ljóst er af niðurstöðunum að íslenskir lækna hafa miklar áhyggjur af stöðu umhverfismála. Flestir þeirra telja líklegt að almenningur hér á landi sé þegar að verða fyrir heilsutjóni af völdum umhverfismengunar og að fæðuöryggi og lýðheilsu sé ógnað vegna hamfarahlýnunar og mengunar. Með því að beina sjónum að hliðarávinn- ingi loftslagsaðgerða fyrir lýðheilsu – svo sem bættum loftgæðum, minni tíðni öndunarfarærasjúkdóma og aukid fæðuöryggi – má auðvelda stefnumótendum að gera breytingar.


Von höfunda er að þrýstingur frá læknum gæti leitt til þess að stjórnvöld á Íslandi gripi til markvissra aðgerða í umhverfis- og loftslagsmálum án tafar. ✉

Greinin birtist fyrst í Vísibendingu 7. febrúar 2025 · 5. tbl. 43. árg.

Heimildir


1. David Cook, Takeshi Benjamin Kaji og Brynhildur Davíðsdóttir, 2023, An assessment of the scope and comprehensiveness of well-being economy indicator sets: The cases of Iceland, Scotland and New Zealand, Ecological Economics, Volume 205, 107728.
2. Robert Costanza, Ida Kubiszewski, Enrico Giovannini, Hunter Lovins, Jacqueline McGlade, Kate E. Pickett, Kristín Vala Ragnarsdóttir, Debra Roberts, Roberto de Vogli og Richard Wilkinson, 2014, Time to leave GDP behind, Nature, Volume 505, 283–285.
3. Robert Costanza, Beth Caniglia, Lorenzo Fioramonti, Ida Kubiszewski, Henry Lewis, L. Hunter Lovins, Jacqueline McGlade, Lars Fogh Mortensen, Dirk Philippsen, Kate E. Pickett, Kristín Vala Ragnarsdóttir, Debra Roberts, Paul Sutton, Katherine Trebeck, Stewart Wallis, James Ward, Michael Weatherhead, og Richard Wilkinson, 2018, Toward a Sustainable Wellbeing Economy, Solutions Journal, May 17.
4. Lorenzo Fioramonti, Luca Coscieme, Robert Costanza, Ida Kubiszewski, Katherine Trebeck, Stewart Wallis, Debra Roberts, Lars F. Mortensen, Kate E. Pickett, Richard Wilkinson, Kristín Vala Ragnarsdóttir, Jacqueline McGlade, Hunter Lovins og Roberto De Vogli 2022, Wellbeing economy: An effective paradigm to mainstream post-growth policies?, Ecological Economics, Volume 192, 107261.

Heilsuskólinn




▲ **Mynd 1** Í Heilsuskólanum eru fjölskyldum kenndar aðferðir til að takast á við þyngdarstjórnun og viðhalda breytingum ásamt því að bæta lífsgæði til lengri tíma. Leitast er við að hvetja börnin áfram með stöðjandi hætti ásamt því að veita ráðgjöf um mataræði og hreyfingu.

BUGL heildarfjöldi barna á bið




▲ **Mynd 5** Göngudeild barna- og unglingsgeðdeilda Landsþítalans (BUGL) veitir börnum og unglingum að 18 ára aldri þjónustu vegna geð- og þroskaraskana.

Mál á grundvelli barnalaga og hjúskaparlaga hjá sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu




▲ **Mynd 2** Hér er um að ræða mál sem stofnað hefur verið til á grundvelli barnalaga eða hjúskaparlaga og bíða meðferðar sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu. Börn eru ekki aðilar þessara mála í skilningi stjórnisýslunnar, en málin varða hagsmuni þeirra. Hér er m.a. um að ræða erindi foreldra um framfærslu barna, umgengni, sambúðarslit, skilnað, skipta búsetu, forsjá, lögheimili eða utanlandsferðir.

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins




▲ **Mynd 3** Sálfræðingar hjá Heilsugæslunni á höfuðborgarsvæðinu (Reykjavík, Mosfellsbær, Kópavogur, Hafnafjörður, Garðabær og Seltjarnarnes) veita börnum meðferð vegna hegðunar- og tilfinningavanda ásamt því að veita foreldrum þeirra ráðgjöf.

Sáttameðferð hjá öllum sýslumönnum




▲ **Mynd 4** Sáttameðferð fer fram áður en krafist er úrskurðar sýslumanns eða höfða mál fyrir dómstólum um forsjá barns, lögheimili, umgengni, dagsektir eða aðför. Markmið sáttameðferðar er að hjálpa foreldrum að gera samning sín á milli um þá lausn sem er barninu fyrir bestu.

Heyrnar- og talmeinaþjónustur Íslands - börn á biðlista í febrúar 2024



▲ **Mynd 6** Heyrnar- og talmeinaþjónustur Íslands er miðstöð þekkingar í heyrnar- og talmeinum á Íslandi. Stofnunin veitir þjónustu á landsvísi og hefur það hlutverk að sinna þeim sem eru heyrnarskerktir, heyrnarlausir eða með mál og talmei.

Geðheilsumiðstöð barna - heildarfjöldi á biðlista



▲ **Mynd 7** Geðheilsumiðstöð barna veitir 2. stigs heilbrigðisþjónustu á landsvísi fyrir börn að 18 ára aldri. Miðstöðin sinnir greiningu, ráðgjöf og meðferð vegna geð- og þroskavanda barna og unglunga.

Þegar lítið er til þróunar á biðtíma frá árinu 2022 má sjá nokkrar sveiflur á fjölda barna á biðlistum og þá er sérstaklega ánægjulegt að sjá að biðin hefur styst verulega hjá Barna- og unglingsgeðdeild (BUGL). Það er hins vegar áhyggjuefni að biðin hefur lengst umtalsvert hjá öðrum aðilum, þar á meðal Geðheilsumiðstöð barna, Ráðgjafar- og greiningarstöð og Sýslumanni svo dæmi séu tekið.

Auk upplýsinga frá ofangreindum samstarfsaðilum umboðsmanns barna hefur embættið ítrekað óskað eftir upplýsingum um bið barna eftir talmeinaþjónustu. Sjúkratryggingar Íslands gerðu úttekt á stöðu barna á bið hjá talmeinafræðingum í desember 2021 að beiðni heilbrigðisráðuneytisins, þar kom fram að yfir 2000 börn biðu eftir þeirri þjónustu og 11% þeirra höfðu beðið lengur en tvö ár en flest þessara barna eru ung. Ekki er til staðar miðlægur gagngrunnur yfir þau börn sem bíða eftir talmeinaþjónustu þrátt fyrir loforð heilbrigðisráðuneytisins að ráðast í gerð slíks gagnagrunns, því er ekki hægt að fylgjast með þróuninni á þessu sviði með reglubundnum hætti. Samkvæmt upplýsingum sem umboðsmaður barna hefur fengið frá fagfólki bendir allt til að ástandið hafi lítið breyst frá því að úttekt Sjúkratrygginga var gerð fyrir fjórum árum.

Hversu stórt er vandamálið?

Þegar reynt er að áætla heildarfjölda þeirra barna sem bíða eftir þjónustu samkvæmt tölum frá opinberum aðilum og stöðunni hjá talmeinafræðingum má áætla að 4-6 þúsund börn bíði eftir nauðsynlegri þjónustu, sem svarar til eins árgangs barna undir 18 ára aldri. Af þeim er talsverður fjöldi barna undir 6 ára aldri.

Börn eiga rétt á bestu heilbrigðisþjónustu sem völ er á, sbr. 24. gr. Barnasáttmálans. Landlæknisembættið hefur gefið út almenn viðmið um bið eftir heilbrigðisþjónustu. Samkvæmt þeim á viðtal hjá sérfræðingi að fara fram innan 30 daga frá því að beiðni er lögð fram og meðferð að fara fram innan 90 daga frá greiningu. Ljóst er að mikil bið hjá sumum ofangreindra stofnana er langt



MYND: GOLLI

umfram þessi viðmið. Eins og bent hefur verið á getur bið barns eftir þjónustu aukid vanda barnsins, komið í veg fyrir nauðsynlegan stuðning og eðlilegan þroska, og þar með skaðað barnið varanlega. Slíkur skaði er dýrkeyptur fyrir hvern þann einstakling sem fyrir honum verður og verður ekki metinn til fjár. Þá hefur biðin áhrif á allt umhverfi barnsins, til að mynda foreldra og skóla, oft með ærnum beinum kostnaði, auk samfélagslegs kostnaðar til framtíðar.

Markmið laga nr. 86/2021 um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna er m.a. að skapa aðstæður til þess að hægt sé að bregðast fyrir við þörfum barna fyrir stuðning. Í greinargerð laganna er töluvert fjallað um mikilvægi snemmtæks stuðnings m.a. til þess að hægt sé að fyrirbyggja að vandi barna verði umfangsmeiri. Það er

ljóst að ef lög um samþætta þjónustu eiga að ná markmiðum er snúa að snemmtækum stuðningi þarf að koma í veg fyrir að langir biðlistar myndist eftir þjónustu. Eins mega biðlistar ekki vera viðvarandi, en það er nú þegar ein helsta fyrirstaða þess að börn fái þann stuðning sem þau þurfa á að halda þegar þörf eftir stuðningi skapast.

Samþætting og farsæld

Þegar frumvarp um farsældarþjónustu var kynnt í nóvember árið 2020 var lögð áhersla á að kostnaður við að innleiða lög og breyta kerfinu myndi til lengri tíma sparast í minni örorku og meiri virkni þegar fram í sækir. Unnin var kostnaðargreining af utanaðkomandi ráðgjafa fyrir félagsmálaráðuneytið til að sýna þennan ávinning fyrir samfélagið og kom fram í greinargerð með

frumvarpinu að niðurstaða greiningarinnar hefði sýnt að samþætting þjónustu í þágu farsældar barna væri arðbær langtímafjárfesting sem bætir afkomu hins opinbera til framtíðar lítið. Nauðsynlegt hefði verið að taka mið af bið barna eftir þjónustu þegar kostnaðargreining var gerð.

Það væri full ástæða til að meta þann kostnað sem hlýst vegna biðar barna eftir þjónustu, bæði beinan kostnað fyrir barnið sjálft og umhverfi þess. Eitt er víst að við sem samfélag höfum ekki efni á að láta börnin okkar bíða með þessum hætti og svíkja þau um réttmæta og nauðsynlega þjónustu. ☹

Greinin birtist fyrst í Vísbandingu 24. maí 2024 · 20. tbl. 42. árg.